

Geta greint áhrif nýrra laga um sjávarútveg

Með nýrri reiknivél ráðgjafarfyrtækisins Arevs er hægt að skoða hver áhrif frumvarps til laga um sjávarútveg yrðu á kvótahlutdeildarstöðu fyrirtækja. Jafnframt er hægt að meta hver áhrif mismunandi samruna fyrirtækja yrðu og hægt að fá yfirlit yfir eignatengsl sjávarútvegsfyrirtækja.

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Óvissa hefur fylgt sjávarútvegi allt frá því að fyrstu menn fóru að róa, enda lítið vitað um hvað fengist í veiðarfærin og jafnvel hvort nokkuð fengist. Við þetta hefur á okkar tímum bæst við óvissa sem tengist sfbreytilegu regluverki og lagaramma sem getur haft veruleg áhrif á það hvernig einstökum fyrirtækjum og jafnvel öllum sjávarútveginum farnast.

Sem betur fer hefur tekist að draga úr óvissu við veiðar eftir því sem tækninni hefur fleygt fram, hvort sem um er að ræða nema í veiðarfærum, siglingatæki eða einfaldlega nákvæmar verðspár. Það er hins vegar spurning hvort einnig er hægt að beita tæknilausn til að draga úr pólitískri óvissu. Svo virðist vera ef marka má nýjasta hjálpartækið frá Arev, Aflahlutdeildarreikninn, sem ætlað er að sýna notendum þess áhrif fyrirhugaðra breytinga á löggjöf um fiskveiðar á stöðu aflahlutdeildar einstakra fyrirtækja og samstæðna.

Stefnt hefur verið að því að leggja fram frumvarp að nýjum heildarlögum um sjávarútveg sem á að byggja á tillögum sem fengust úr stefnumótunarverkefninu „Auðlindin okkar“. Í frumvarpsdrögum sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda í nóvember eru gerðar ýmsar breytingar á gildandi lagaramma stjórnar fiskveiða á Íslandsmiðum og er meðal annars lagt til að sjávarútvegsfyrirtæki sem skráð eru á hlutabréfamákað geti haft allt að 15% hlutdeild í heildaraflamarki, en slík hlutdeild er takmörkuð við 12% í dag. Jafnframt er lagt til að hugtakið tengdir aðilar nái til fjölskyldutengsla og taki til maka, sambúðarfólks og skyldmenna í beinan legg og fyrsta legg til hliðar,



Morgunblaðið/Porgeir Baldursson

Með kerfinu er hægt að fylgjast með kvótastöðu og eignatengslum sjávarútvegsfyrirtækja samkvæmt skilgreiningu í frumvarpi um ný heildarlög um sjávarútveg.



Morgunblaðið/Eggert

Jón Scheving Thorsteinsson og Kristján Dagur Egilsson telja Aflahlutdeildarreikninn geta komið að góðum notum.

bætist við og síðar makrill og svo framvegis. Við stefnum á að uppfæra stöðurnar við hverja úthlutun strax og reglugerð um úthlutun er birt,“ segir Jón. Telur hann að þetta nýjasta verkfæri félagsins geti nýst mörgum, m.a. við greiningar fræðimanna og fjármálastofnana, en ekki síður fyrir útgerðaraðila til að meta stöðu sína gagnvart nýju lögnum.

En hvað með breytingar í eignarhaldi?

„Við fylgjumst töluvert með sjávarútvegi og uppfærum upplýsingar okkar oft. Ársreikningar tínast inn en verða allir að vera komnir fyrir lok september, stuttu eftir upphaf fiskveiðiársins. Svo uppfærum við gögn einnig um leið og Samkeppnisefirlitið hefur samþykkt samruna, en mikið af þessum viðskiptum er yfir skilgreindum stærðarmörkum og þá er þetta tilkynningarskylt,“ svarar Jón.

Samkeppnisstuðull

Kristján Dagur segir að með Aflahlutdeildarreikninum sé hægt að skoða kvótastöðu einstakra og fleiri fyrirtækja í heild og einnig í einstökum tegundum. Jafnframt sé hægt að máta saman fyrirtæki, sem sagt hvernig staðan myndi breytast ef tvö eða fleiri skyldu sameinast, og tekur það ekki aðeins tillit til kvótahlutdeild þessara fyrirtækja heldur einnig eigna þeirra sem gætu flokkast sem tengdir aðilar. Þá sýni kerfið einnig hver samþjöppunarstuðull markaðarins sé og hver hann yrði ef valin fyrirtæki sameinuðust, en staðallinn er viðmið samkeppnislaga Evrópu-sambandsins. „Það telst mikil samþjöppun ef staðallinn fer yfir tvö þúsund. Samkeppnisefirlitið í Evrópu tekur samruna til skoðunar ef stuðullinn fer yfir 1.500 en hleypir þeim oft í gegn. Þetta er stuðull sem staðfest er í Hæstarétti að sé viðmið einnig hér á landi og nær frá núll upp í tíu þúsund.“

Eitt af því sem sjá má í kerfinu er að samþjöppunarstuðullinn nú er 556 en gæti til að mynda hækkað upp í 746 ef Síldarvinnslan og Samherji sameinuðust. Þetta er þó vel innan þeirra marka sem skilgreind eru í samkeppnisviðmiðum.

en sameiginleg eign tengdra aðila reiknast saman sem kvótahlutdeild samkvæmt frumvarpsdrögum.

Umfangsmikil kortlagning

Jón Scheving Thorsteinsson, aðaleigandi og framkvæmdastjóri Arevs, segir fyrirtækið hafa kortlagt hlutdeildir ólíkra lögaðila og eignatengslin og út frá því getað teiknað upp hvernig frumvarpið, verði það að lögum, muni hafa áhrif á einstök sjávarútvegsfyrirtæki.

Ekki er lítið verk að kortleggja alla kvótahlutdeild á landinu, enda er um mörg fyrirtæki að ræða, og enn meira mál að skrá eignatengsl, enda margir einstaklingar að baki hverju fyrirtæki. Jón kveðst áætla að hátt í 600 vinnustundir séu að baki kerfinu, sem sýnir bæði stöðuna í dag og hvernig staðan verður verði frumvarpið samþykkt. Vegna umfangs hafi Arev meðal annars fengið til liðs við sig Kristján Dag Egilsson, nema í hagnýtri stærðfræði við Háskóla Íslands.

„Kvótahlutdeildirnar geta breyst mikið á hverju fiskveiðiári frá fyrstu úthlutun þar til loðnukvótinn



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.

Við stuðlum að verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi

